



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Þýska 1 (TYS1A06)

Háskólabrú

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á undirstöðuatriðin í þýskri málfræði sem og þjálfun í ritun, tjáningu, hlustun og lestri. Kennsla í tímum mun taka mið af markmiðum áfangans. Lögð er áhersla á fjölbreytta verkefnavinnu þar sem nemendur vinna ýmist einir eða í hópum innan sem utan kennslustofunnar. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð.

Forkröfur

Engar forkröfur.

Þrep

Áfanginn er á 1. þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu grundvallarþáttum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðum þrepsins
- þýskumælandi löndum og fengið innsýn í menningu, samskiptavenjur og siði þjóðanna.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja almennt talað mál þegar talað er skýrt og greinilega
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- fylgja einföldum fyrirmælum og skilja helstu kveðjur og kurteisisávörp
- taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og beita kurteisis- og málvenjum við hæfi
- segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og atburðum daglegs lífs með því að beita orðaforða og framburði á sem réttastan hátt

- skrifa stuttan, einfaldan texta um sjálfan sig og sitt nánasta umhverfi, fylla út einföld eyðublöð, skrifa póstkort ofl.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- halda samtali gangandi og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- skilja einfalt talað mál um kunnuglegt viðfangsefni
- skilja meginatriði einfaldra texta
- skrifa einfalda texta frá eigin brjósti
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið.
- geta metið eigið vinnuframlag og kunnáttu
- tileinka sér jákvætt viðhorf til þýskunámsins og öðlast trú á eigin getu í faginu.

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.